

Ed.

757. Nefndarálit

[263. mál]

um frv. til l. um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar á fjölmörgum fundum og fengið til fundar við sig fulltrúa flestra þeirra aðila sem málið varðar.

Nefndin leggur einróma til að frumvarpið verði samþykkt. Ragnhildur Helgadóttir var fjarverandi endanlega afgreiðslu málsins. Nefndin flytur eftirfarandi

BREYTINGARTILLAGUR :

1. Í 25. gr. 3. tl. þar sem stendur: „Þeir lífeyrissjóðir, sem eiga aðild að samkomulagi“ komi: Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að samkomulagi.
2. Upphaf 26. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1980.
3. Á eftir 26. gr. kemur svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 1980 skal ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna.

Alþingi, 15. maí 1979.

Bragi Nielsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Bragi Sigurjónsson.
Oddur Ólafsson.	Geir Gunnarsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.